

**Nr. 088 / 09 Vestri BA 63*****Fær veiðarfæri í skrúfunu og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 0182  
Smíðaður: Noregi 1963, Stál  
Stærð: 198,6 brl. 293 bt.  
Mesta lengd: 28,95 m Skráð lengd: 26,92 m  
Breidd: 8,1 m Dýpt: 6,27 m  
Vél: Stork Wartsila 730 kW, 2005  
Fjöldi skipverja: 7

**Gögn:**  
Gögn RNS



Vestri © Alfons Finnsson

Málið afgreitt á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sömnargagni í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 15. júlí 2009 var Vestri BA 63 á dragnótarveiðum NV af Kópanesi. Veður: NA 12-15 m/sek

Skipverjar voru búnir að taka baujuna og byrjaðir að hífa í stjórnborðstógið sem lá undir skipið. Híft var of hratt í tógið og af þeim sökum lenti það í skrúfunni. Ekki tókst að losa tógið og óskaði skipstjórinn eftir aðstoð björgunarskipisins Varðar II sem kom og dró Vestra BA til Patreksfjarðar.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.